

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 8. apríl 2026

Mál nr. S-426/2024:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Davíð Má Antonssyni og

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Eiríki Eduardo Eiríkssyni

(Áslaug Lára Lárusdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 11. febrúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Akureyri 10. október 2024, á hendur Davíð Má Antonssyni, kt. [...], [...], [...] og Eiríki Eduardo Eiríkssyni, kt. [...], [...], [...], vegna líkamsárása sem er þannig lýst í ákæru:

„I.

Gegn ákærða Davíð Má, fyrir líkamsárás, með því að hafa föstudagskvöldið 6. október 2023, á gistiheimili [...] á Kópaskeri, ráðist að Eiríki Eduardo Eiríkssyni, kt. [...] og kýlt hann ítrekað í andlitið, með þeim afleiðingum að hann hlaut brot á augntóft vinstra megin, 5-6 mm. stallamyndun á botninum á augntóftinni, brotaflaski gekk niður í kinnholuna og lítilega upp í augnbotninn hinumegin, augnvöðvi var bólginn og grunur um blæðingu í vöðvanum, loft var miðlægt neðan við augntóftina og upp frá kinnholu, sem var talsvert blóðfyllt. Miklar bólgur voru í kringum augntóftina. Hann var með sprungna neðri vör vinstra megin og það brotnaði lítilega upp úr einni tönn í honum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

II.

Gegn ákærða Eiríki Eduardo fyrir hótanir og líkamsárás, með því að hafa mjög skömmu eftir að hafa orðið fyrir ítrekuðum höggum í andlitið eins og lýst er í ákærulið I, farið inn í eldhús gistiheimilisins þar sem ákærðu bjuggu báðir og náð sér þar í flökunarhniíf og lagt hniíf að hálsi meðákærða Davíðs Mús, en við þetta fékk Davíð Már grunnar rispúr á hálssvæðið eftir hniífinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

- 2 Ákærði Davíð krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvalds, til vara að honum verði ekki gerð refsing en til þrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða og að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.
- 3 Ákærði Eiríkur krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvalds en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða.

Málavextir

- 4 Ákærðu dvöldu báðir á Kópaskeri á þessum tíma vegna vinnu og gistu þar á sama gistiheimili. Samkvæmt frumskýrslu barst lögreglu tilkynning klukkan 23:15 þann 6. október 2023, um yfirstaðna líkamsárás á gistiheimilinu. Ákærði Eiríkur hafi hringt í Neyðarlínu og lýst því að hafa orðið fyrir líkamsárás af hendi ákærða Davíðs.
- 5 Fram kemur að þegar lögregla kom á vettvang hafi ákærði Eiríkur setið fyrir utan húsið og þrír vettvangsliðar verið að huga að sárum hans. Ákærði Davíð hafi staðið skammt frá og gefið sig á tal við lögreglumann nr. A. Hann hafi verið þvoglumæltur og sjáanlega drukkinn. Hann hafi lýst því að ákærði Eiríkur hafi verið að rífast í fólki sem byggji með þeim og hann reynt að stöðva hann í því. Ákærði Eiríkur hafi kýlt hann laust og hann í kjölfarið kýlt Eirík þrisvar eða fjórum sinnum í andlitið. Ákærði Eiríkur hafi síðan veist að honum með hníf og reynt að skera hann á háls. Fram kemur að ákærði Davíð hafi verið með sjáanlega áverka á hálsi, rispur eftir hníf, og á hægri hendi eftir að hafa kýlt ákærða Eirík. Þá segir að Davíð hafi farið inn með lögreglumönnum og sýnt þeim hvernig þetta hefði átt sér stað. Blóðslettur hafi verið víða í eldhúsi og fram á gang. Ákærði Davíð hafi sagt að ákærði Eiríkur hafi leikið sér að því að hrækja blóði á vegg.
- 6 Fram kemur að læknir hafi komið skömmu á eftir lögreglu og verið ákveðið að fara með ákærða Eirík á heilsugæsluna á Kópaskeri.
- 7 Einnig kemur fram að rætt hafi verið við tvö vitni, B og D. B hafi lýst því að ákærðu hafi rifist og ákærði Davíð kýlt ákærða Eirík þrisvar í andlitið. Báðir hafi lýst því að eftir þá árás hafi ákærði Eiríkur náð í hníf og haldið honum að hálsi ákærða Davíðs. Umræddur hnífur hafi fundist í vaski við eldhús. Vatn hafi verið búið að renna á hnífinn en hann þó haldlagður. Áverkar Davíðs hafi verið ljósmyndaðir.
- 8 Einnig kemur fram að lögregla hafi farið á heilsugæsluna til að ræða við Eirík. Læknir hafi talið líklegt að hann væri kinnbeinsbrotinn og því ákveðið að flytja hann með sjúkrabifreið til frekari skoðunar á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Í samtali áður en hann fór af stað hafi ákærði Eiríkur borið að ákærði Davíð hafi kýlt hann þrisvar í andlitið, aðrir svo komið að og ýtt ákærða Davíð frá honum. Fram kemur að Eiríkur hafi ekki minnst á að hafa veist að ákærða Davíð með hnífi eftir að hafa verið kýldur. Hann hafi verið sjáanlega drukkinn og mjög hræður eftir árásina. Áverkar hans hafi verið ljósmyndaðir.
- 9 Þá kemur fram að læknir hafi farið aftur á gistiheimilið til að líta á áverka ákærða Davíðs en hann ekki talinn þurfa frekari lækniástoð.

- 10 Hald var lagt á hníf í vaski á gistiheimilinu, flökunarhníf með bláu skafti, og liggja fyrir myndir af honum, sem og myndir teknar á vettvangi. Einnig liggja ljósmyndir af áverkum ákærðu beggja og upptökur af skýrslum ákærðu og vitninu B hjá lögreglu.
- 11 Í vottorði E sérfræðings í skurðlækningum, 9. apríl 2024, um áverka ákærða Eiríks, kemur fram að læknir á Kópaskeri hafi saumað opið sár á höfði hans en síðan sent hann í frekari skoðun á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Eiríkur hafi verið drukkinn en verið vakandi og getað talað. Hann hafi verið talsvert bólginn yfir vinstra auga, marinn og átt erfitt með að opna augað en ekkert mar á vefjunum í kring. Hann hafi verið aumur yfir hægri kjálka. Tölvusneiðmynd hafi verið tekin af höfði og andlitsbeinum og sér „svokallað blow-out“ brot í augntóftinni vinstra megin. Ákveðið hafi verið að skoða hann frekar eftir helgina og hann verið útskrifaður á sjúkrahótel og fengið endurkomu hjá háls, nef- og eyrnalækni. Við skoðun að nýju hafi Eiríkur ekki verið með starfstruflun í andlitinu og ekki lýst tvísýni eða truflun á augnhreyfingum. Engin dofatilfinning hafi verið í andlitinu en hann hafi verið aumur umhverfis augað og í neðri vör vinstra megin. Þá hafi hann talað um lítinn brotaflaska af tönn 3 uppi, vinstra megin (tönn 23). Ekki hafi verið talin ástæða til aðgerðar en hann fengið ráð og veikindavottorð og ráðlögð endurkoma til heimilislæknis.
- 12 F læknir skrifaði vottorð 24. apríl 2024 um komu ákærða Davíðs á heilsugæslu þann 10. október 2023. Hann hafi lýst því að hafa lent í slagsmálum um helgina og finna til í hægri hendi. Hann hafi verið bólginn á handarbaki og eymsl, aðallega á „distal hluta 4. metacarpal og MCP4“. Hann hafi lýst því að hafa brotnað þarna fimm árum áður og því vera með málmþengingu. Beiðni um röntgenmyndatöku hafi verið send á Húsavík en ekki verði séð að hann hafi mætt í hana.

Framburðir ákærðu og vitnis fyrir dómi

- 13 Ákærði *Davíð Már* kvaðst hafa verið að vinna þennan dag en drukkið síðdegis, að vinnu lokinni. Hann hafi drukkið bjórkippu og Jägermeister. Hann kvað Eirík hafa verið að pirra fólk. Eiríkur hafi verið ógnandi í hegðun og ákærði haldið að hann ætlaði að ráðast á sig og hann væri í hættu. Eiríkur hafi ekki barið til hans en verið eins og hann ætlaði að gera það, hann hafi komið við bringu ákærða. Ákærði hafi þá kýlt hann. Þetta hafi endurtekið sig fjórum sinnum. Hann kvaðst hafa kýlt með krepptum hnefa, „ágætlega þung högg“. Aðeins síðar, í eldhúsinu, hafi ákærði Eiríkur borið hníf að hálsi hans og reynt að skera hann á háls. Eiríkur hafi ekki sagt neitt, Davíð hafi fundið hnífinn á hálsi sér en náðst hafi að taka hnífinn af Eiríki. Ákærði kvaðst hafa fengið sár en þau verið látin eiga sig og hvorki hafi þurft að plástra né sauma. Hann kvað bólgu á hendi sér hafa verið til komna vegna högga hans á Eirík. Ákærði kvaðst kannski hafa brugðist aðeins of harkalega við en hann hafi talið sig þurfa að verjast Eiríki.
- 14 Ákærði kvaðst glíma við geðræn veikindi en ekki tekið lyf þennan dag. Hann kvaðst nú [...].
- 15 Ákærði *Eiríkur Eduardo* kvað vinnufélaga hafa verið að „tjilla“ og drekka í eldhúsrými gistiheimilisins eftir vinnudag í sláturhúsinu. Hann hafi líklega verið búinn með 4-5 dósir af sterkum Bola. Þau hafi verið að tala saman og verið í góðu skapi. Allt í einu hafi hann

fengið nokkur högg í andlitið. Hann hafi labbað fram á gang og hringt í lögregluna. Ákærði Davíð hafi reynt að espa hann eitthvað upp en hann kosið að fara út. Lögregla hafi komið og keyrt hann á spítala á Akureyri.

- 16 Ákærði kvaðst þess fullviss að það hafi verið ákærði Davíð sem veitti honum höggin, og taldi þetta hafi verið hnefahögg, þótt hann hafi ekki séð höggin koma. Taldi hann þetta hafa verið tvö til fjögur hnefahögg. Þetta hafi verið algerlega að tilefnislausu og gerst fyrirvaralaust. Ákærði kvaðst ekki muna alla atburðarásina, hann muni ekki eftir sér frá því að hann fékk höggin þar til hann var kominn fram á gang. Hann kvaðst ekki muna eftir neinni uppákomu með hníf og það hafi komið honum mjög á óvart þegar lögregla hafi hringt og kynnt honum að hann hefði stöðu sakbornings. Hann kvaðst ekki hafa séð áverka á Davíð.
- 17 Ákærði kvaðst hafa bólгнаð mikið, þannig að augað hafi verið lokað. Hann hafi verið með brot í augntóft og brotnað hafi úr vinstri framtönn. Hann kvaðst hafa misst af lokum vertíðarinnar vegna þessa og því misst laun auk þess að hafa haft af þessu kostnað. Til hafi staðið að hann yrði við vinnu til 20. október. Kvaðst ákærði hafa jafnað sig að fullu að því undanskildu að hann finni enn brotið í tönninni. Hann kvaðst glíma við áfallastreituröskun vegna frelsissviptingar fyrir sama ár. Þetta atvik hafi haft í för með sér versnun á þeim einkennum, hann hafi farið í sjökk og ekki skilið hvers vegna þetta hafi gerst og skilji raunar ekki enn.
- 18 Vitnið lögreglumaður nr. A kvaðst hafa verið á vakt á Raufarhöfn. Útkall hafi borist og hún og annar lögreglumaður farið yfir á Kópasker á forgangi og verið komin þangað um 15-20 mínútum eftir að útkall barst. „Sakborningur og brotþoli“ hafi báðir verið fyrir utan húsið. Brotþoli hafi setið þar, mjög blóðugur, og vettvangsliðar verið að hlúa að honum. Davíð, sem hafi verið mjög ölvaður, hafi rætt við vitnið og skýrt aðeins frá því hvað hefði gerst, að Eiríkur hefði verið með almenn leiðindi, hann orðið pirraður, Eiríkur hafi kýlt hann í öxlina og hann þá kýlt Eirík í andlitið. Vitnið kvað Davíð hafi verið með rispur á hálsi en ekki viljað láta mynda áverkana. Vitnið hafi rætt við Eirík síðar um kvöldið, líklega um 30 mínútum eftir að hún kom á vettvang. Hann verið ofurólvi. Vitnið kvaðst einnig hafa rætt við vitni á staðnum og Davíð verið að skipta sér af. Hún hafi því farið með vitnið í lögreglubifreið og Davíð verið að banka í gluggann.
- 19 Læknar sem rituðu fyrirbyggjandi vottorð komu ekki fyrir dóminn en því var lýst yfir við aðalmeðferð að hvorki væri dregið í efa að vottorðinu stöfuðu frá þeim sem undir þau rita né að ákærðu hefðu haft þá áverka sem þar er lýst.

Niðurstaða

- 20 Sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag hvílir á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008, og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn, sbr. 109. gr. sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laganna skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Hafi vitni

ekki komið fyrir dóm og þess er ekki kostur við meðferð máls, en skýrsla hefur verið gefin hjá lögreglu eða öðrum stjórnvöldum meðan málið var til rannsóknar, metur dómari hvort slík skýrsla hafi sönnunargildi og hvert það sé, sbr. 3. mgr. 111. gr. sömu laga.

- 21 Ákærði Davíð hefur gengist við því að hafa kýlt ákærða Eirík þremur til fjórum þungum höggum með hnefa en ber því við að þetta hafi verið viðbrögð við ógnandi hegðun ákærða Eiríks. Ákærði Eiríkur hefur ekki beinlínis neitað því að hafa borið hníf að hálsi ákærða Davíðs en man atvik óljóst og taldi ólíklegt að hann hafi gert nokkuð slíkt. Fyrir liggja upptökur af lögregluskýrslu af ákærða Eiríki á Sjúkrahúsinu á Akureyri 7. október 2023 og ákærða Davíð Má á lögreglustöð 12. sama mánaðar. Hafa þeir báðir verið samkvæmir sjálfum sér frá upphafi. Hjá lögreglu kom þó fram hjá Eiríki að hann grunaði að hann hafi sagt eitthvað sem Davíð hafi móðgast yfir, hann gæti verið dálítið hörundssár. Hann myndi þó ekki hvað það hafi verið.
- 22 Einnig liggur fyrir myndbandsupptaka af framburði vitnisins B hjá lögreglu 12. október 2023. Hann mun vera farinn úr landi og kvað sækjandi ekki hafa náðst í hann til að boða hann fyrir dóminn til skýrslugjafar. Telur dómurinn, með vísan til 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 að líta megi til framburðar vitnisins að því leyti sem hann samræmist öðrum gögnum. Vitnið skýrði vel frá atvikum og verður ekki ráðið að hann hafi tekið málstað annars ákærða fremur en hins. Hann kvaðst ekki hafa skilið um hvað ákærðu ræddu en þeir hefðu allt í einu staðið upp og farið að öskra hvor á annan. Hann kvaðst ekki viss um hver hefði átt upptökin að átökunum. Hann kvað Eirík hafa reynt að kýla Davíð en ekki hitt. Ákærði Davíð hafi kýlt ákærða Eirík fast í andlitið svo hann hafi dottið á gólfið. Hann hafi staðið upp og reynt að kýla Davíð en ekki hitt og Davíð aftur slegið Eirík í gólfið. Davíð hafi kýlt Eirík með hnefa, líklega fimm sinnum. Eiríkur hafi verið ringlaður eftir högginn en staðið upp og kastað ruslafötu að Davíð. Eftir smá stund hafi Eiríkur gengið inn í eldhús og tekið hníf úr vaskinum, að hann minnti með bláu skafti. Hann hafi gengið að Davíð og lagt hnífinn að háls hans í um tvær sekúndur. Hann kvaðst telja að tilgangurinn hafi aðeins verið að hræða Davíð, sem hafi fengið smá skrámu. Pólskur félagi þeirra hefði tekið hnífinn af Eiríki.
- 23 Ákærði Davíð hefur frá upphafi gengist við því að kýla Eirík þungum höggum. Með vísan til þess, framburðar Eiríks, læknisvottorði um áverka beggja og einnig með hliðsjón af framburði vitnisins B hjá lögreglu þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og er þar rétt heimfærð til refsíákvæðis. Þótt vera kunní að Eiríkur hafi eitthvað sagt sem stuðaði ákærða er ekki fram komið að atvik hafi verið með þeim hætti að það leysi ákærða undan refsíabyrgð á háttsemi sinni.
- 24 Ákærði Eiríkur krefst sýknu en man atvik illa og taldi ólíklegt að hann hafi lagt hníf að hálsi Davíðs Más. Framburður Davíðs hefur verið stöðugur um þetta. Fyrir liggur mynd þar sem sjá má blóðuga rispu af hálsi hans upp á kjálka sem styður framburð hans. Þá fær framburður hans einnig stuðning í framburði vitnisins B hjá lögreglu, sbr. 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008, en eins og áður greinir er það mat dómsins að framburður hans hjá lögreglu hafi verið trúverðugur. Þá lýsti hann þeim hníf sem Eiríkur hafi notað og samræmdist sú lýsing hnífi sem lögregla lagði hald á. Með vísan til framangreinds verður

talið fram komið að ákærði Eiríkur hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru. Ákærði hefur krafist sýknu á grundvelli 1. eða 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Ljóst þykir að árás Davíðs á Eirík var yfirstaðin þegar hann sótti hnífinn og verður ekki talið fram komið að atvik hafi verið með þeim hætti að skilyrði séu til þess að sýkna hann. Þykir háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru enda hlaut Davíð áverka þótt óverulegir væru auk þess sem atlagan fól í sér hótun um alvarlegri árás.

- 25 Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði Davíð Már nokkurn sakaferil. Þann [...] gert að sæta fangelsi í 18 mánuði en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þann 2. mars 2021 var hann sakfelldur fyrir líkamsárás sem varðaði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar var um að ræða hegningarauka við fyrrgreindan dóm og ákærða gert að sæta fangelsi 60 daga en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Ákærði stóðst skilorð þessara dóma og hafa þeir því ekki ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú, sbr. 61. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hefur krafist þess að honum verði ekki gerð refsing og í því sambandi vísað til 3. mgr. 218. gr. c, 4. töluliðar 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga. Þrátt fyrir að ákærði Eiríkur kunni að hafa sagt eitthvað særandi við ákærða Davíð, eins og hann nefndi hjá lögreglu að hann teldi sig hafa gert, verður ekki talið komið fram að atvik hafi verið með þeim hætti að tilefni sé til að milda refsingu ákærða vegna þessa enda var atлага hans gróf þar sem hann sló Eirík ítrekað þungum höggum í höfuð, svo hann féll í gólfið. Áverkar Eiríks voru umtalsverðir en hann lýsti því þó fyrir dómi að hafa náð sér að fullu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði en fullnustu refsingarinnar verður frestað skilorðsbundið svo sem nánar greinir í dómsorði.
- 26 Sakaferill ákærða Eiríks Eduardo hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Litið verður til þess að meðákærði Davíð hafði skömmu áður slegið ákærða niður með þungum höggum í höfuð og valdið umtalsverðum áverkum. Þykir refsing Eiríks hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar svo sem nánar greinir í dómsorði.
- 27 Með vísan til niðurstöðu málsins verður ákærðu gert að greiða sakarkostnað. Ákærði Davíð Már greiði 37.000 króna kostnað vegna læknisvottorðs um áverka Eiríks og málsvarnarlaun og ferðakostnað verjanda síns sem gætti hagsmuna hans bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi. Ákærði Eiríkur Eduardo greiði málsvarnarlaun og ferðakostnað skipaðs verjanda síns fyrir dómi. Þykja málsvarnarlaun verjenda hæfilega ákveðin svo sem greinir í dómsorði að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði Davíð Már Antonsson sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Eiríkur Eduardo Eiríksson sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Davíð Már greiði 1.683.620 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 1.590.300 krónur, og 56.320 króna ferðakostnað hans.

Ákærði Eiríkur Eduardo greiði 1.549.165 krónur í sakarkostnað, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, 1.484.280 krónur, og 64.885 króna ferðakostnað hennar.